

Athugasemdir vegna: Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Rammaáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

29. Hvammsvirkjun. (Þjórsá)

Skyldi íslenska þjóðin einhvern tíma hafa þakkað fyrir þá miklu orku sem Þjórsá hefur gefið okkur undanfarin ár til rafmagnsframleiðslu, orku sem hefur fært fjöldamörgum framleiðslufyrirtækjum til að geta skapað störf og gjaldeyri fyrir þjóðarbúið. Ekki skulum við gleyma þeirri orku sem þetta mikla fljót, runnin ofan úr reginöræfum jökla og eyðisanda, hefur gefið til að lýsa upp heimili landsmanna.

Er Búrfellsvirkjun sleppir, rennur Þjórsá framhjá hinum fornfræga Þjórsárdal, gegnum blómleg landbúnaðarhéruð til sjávar. Í neðri hluta Þjórsá er ætlun Landsvirkjunar að reisa þrjár virkjanir til að nýta fallið í ánni. Efsta virkunin er nefnd Hvammsvirkjun, síðan kemur Holtavirkjun og neðsta virkjunin er nefnd Urriðafossvirkjun.

Uppsett afl Hvammsvirkjunar verður 82 MW og orkugeta hennar verður um 665 GWst/ári. Inntakslón Hvammsvirkjunar, Hagalón, verður myndað með stíflu í Þjórsá ofan við Minnanúpshólma og stíflugörðum á austurbakka árinna. Stöðvarhús verður staðsett nærri norðurenda Skarðsfjalls í Landsveit í landi Hvamms og verður það að mestu leyti neðanjarðar. Frá inntaksmannvirkjum við Hagalón liggja um 400 m löng aðrennslisgöng að virkjuninni. Frá virkjun fellur vatnið um jarðgöng og síðan opinn skurð til Þjórsár neðan við Ölmóðsey. Ef áætlun Landsvirkjunar nær fram að ganga, mun ásýnd landbúnaðarhéraðanna umhverfis breytast til hins verra. Þjórsá mun verða vatnslítil neðan stíflu á löngum kafla og tún og gróðurlendi fara undir lónstæði. Neðan við hið fyrirhugaða lón er mjög sérstök eyja, sem hefur verið nefnd Minnanúpshólmi, eða Viðey, þakin um 2ja metra háu birkikjarri. Þetta er eini náttúrulegi birkiskógurinn sem þarna sést. Straumpung og djúp áin hefur hlíft eyjunni við ágangi manna og búfjár. Hún stendur nú eftir sem einstæður vitnisburður um gróðurfar fyrr á öldum. Verndargildi eyjarinnar er mikið, en ef af virkjun yrði, nyti hún ekki lengur friðunar af ánni. Framburður Þjórsár myndi fljótlega fylla grunnt lónið og því er gert ráð fyrir að dæla honum upp og koma fyrir á nokkrum stöðum við ána.

Nei, nú skal haldið áfram og blóðmjólka ána, allt til ósa hennar, í stað þess að hlúa að henni og nánasta umhverfi. Þessi virkjunaráform í neðri hluta Þjórsá, veldur óafturkræfum umhverfisspjöllum. Orkustefna ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar er ekki til fyrirmýndar og mun að mínum dómi, verða til háðungar seinna meir, sem dæmi um skammsýni. Nær væri að huga að sjávarfallavirkjunum umhverfis landið. Þá væri betur hægt að hlífa ám okkar og fljótum.

Undirritaður mótmælir þessum áformum Landsvirkjunar og flokkun í Rammaáætlun, sem er Hvammsvirkjun í Þjórsá og krefst þess að hún verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Grundarfirði 10. Nóvember 2011.

Gunnar Njálsson

